

Skólareglur Reykhólaskóla

Vilji er vegur

Skólareglur Reykhólaskóla gilda fyrir alla aðila sem að skólastarfinu koma og alls staðar þar sem þeir eru á vegum skólans

Minnumst þess að skólinn er vinnustaður þar sem öllum á að líða vel.

Reglurnar gilda í öllu skólastarfi.

1. Verum stundvís – nýtum tímann vel.
2. Forsjáraðilar láti vita ef við getum ekki tekið fullan þátt í skólastarfi dagsins.
3. Mætum eingöngu með viðeigandi námsgögn.
4. Verum kurteis og tillitssöm.
5. Göngum vel um skólann, eigur hans og umhverfi.
6. Komum vel fram við öll – þá líður öllum vel.
7. Tökum virkan þátt og fylgjum fyrirmælum - þannig fáum við meira út úr skólastarfinu.
8. Göngum hljóðlega um – svo allir fáí vinnufrið.
9. Borðum hollan mat í skólanum og neytum ekki ávanabindandi efna – okkar vegna.
10. Geymum símann ofan í tösku nema annað sé sérstaklega leyft - svo hann truflí ekki.
11. Komum úthvöld í skólann - þá er auðveldara að læra.
12. Látum vita ef eitthvað amar að - þannig getum við leitað lausna.

Viðbrögð við brotalöm

Í skólanum einblínum við á einstaklingsmiðaðar framfarir.

Hafi kennari, nemandi, starfsmaður eða forsjáraðili áhyggjur af erfiðleikum nemenda við að fylgja skólareglum skal fylgja eftirfarandi skrefum:

1. Eiga samtali við nemandann.
2. Hafa samband við forsjáraðila og/eða umsjónarkennara.
3. Hafa samband við tengilið farsældar.
4. Taka málið upp á vikulegum stigsfundum.
5. Vísamálinu til nemendaverndarráðs.

Í alvarlegri atvikum skal beina máli til tengiliðs og/eða viðkomandi viðbragðsaðila, lögum samkvæmt.

Betra er að bregðast við fyrr en síðar og gera meira en minna.

Í öllum tilfellum skal einblína á lausnaleit með farsæld barnsins í huga.

Málum skal fylgt eftir og málsatvik skráð þar til málið telst að fullu leyst.

Endurskoðun, kynning og endurbætur fóru fram skólaárið 2024-2025.

Áætluð endurskoðun fer fram haustið 2027.



REYKHÓLASKÓLI